




## Gunnarsbraut 51 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. ágúst 2023 var lögð fram fyrirspurn Maksim Akbachev, dags. 14. júlí 2023, um rekstur gististaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 51 við Gunnarsbraut.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Gunnarsbraut 51 borgarhluta 3 Hlíðar og er á skilgreindu íbúðasvæði, ÍB 13 Norðurmyri.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni.

## Umsögn

Húsið á lóð nr. 51 við Gunnarsbraut er steinsteypt einbýlishús, byggt árið 1945 skv. fasteignaskrá. Á lóðinni er einnig vinnustofa, byggt árið 1944 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir álitum skipulagsfulltrúa á rekstri gististaðar í flokki II í húsinu.

Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin og byggingin staðsett á íbúðasvæði, en á íbúðasvæðum er almennt gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði ásamt tilheyrandi opinberri grunnþjónustu, almennri verslun og þjónustustarfsemi og minni útivistarsvæðum. Í íbúðarbyggð er aðeins heimilt að vera með gistileyfi í flokki I, heimagistingu í 90 daga á ári. Því er tekið neikvætt í erindið.

## Niðurstaða

- Neikvætt er tekið erindið, samræmist ekki aðalskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri